

ÁRSSKÝRSLA 2022



Náttúruhamfaratrygging
Íslands

EFNISYFIRLIT

Forsíðumynd af Henglinum

| | |
|--|-------|
| Upplýsingar um stjórn og starfsfólk | 4-5 |
| Upplýsingar um tjónsatburði á árinu 2022 | 6-9 |
| Helstu upplýsingar úr rekstrinum 2022 | 10-11 |
| Rekstrarreikningur | 12 |
| Efnahagsreikningur | 13 |
| Helstu skýringar með ársreikningi | 14-15 |





Útsýni að Ölfusá til suðausturs af Henglinum

STJÓRN

Stjórn NTÍ var skipuð árið 2019 til fjögurra ára. Stjórnina skipa Sigurður Kári Kristjánsson formaður, Lína Björg Tryggvadóttir varaformaður, Jóna Björk Guðnadóttir, Ragnar Þorgeirsson og Steinar Harðarson.



Sigurður Kári Kristjánsson, stjórnarformaður, er hæstaréttarlögmaður hjá LLG lögmonnum. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1999. Hann hefur gegnt hlutverki stjórnarformanns Náttúruhamfaratryggingar Íslands frá árinu 2015 og er skipaður af ráðherra.



Lína Björg Tryggvadóttir, varaformaður, er í meistaranámi í opinberri stjórnarsýslu frá Háskóla Íslands. Hún lauk B.S. prófi í viðskiptafræði frá Háskólanum á Akureyri árið 2006. Lína Björg hefur setið í stjórn NTÍ frá árinu 2011 og er skipuð af Alþingi. Hún hefur verið varaformaður stjórnar frá árinu 2015.



Jóna Björk Guðnadóttir, er yfirlögfræðingur Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF). Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1994. Hún var varamaður í stjórn frá 2015-2019, en var skipuð í stjórn NTÍ eftir tilnefningu frá SFF árið 2019.



Ragnar Þorgeirsson, er löggiltur fasteignasali og starfar á Heimili fasteignasölu. hann lauk B.A. prófi í opinberri stjónsýslu árið 1997 og meistaraþráðu í alþjóðaviðskiptum árið 2000 frá Háskólanum í Álaborg. Ragnar hefur setið í stjórn frá árinu 2015 og er skipaður af alþingi. Ragnar hefur verið fulltrúi stjórnar í endurskoðunarnefnd frá árinu 2015.



Steinar Harðarson, starfar sem sjálfstæður vinnuverndarráðgjafi hjá Vinnuvernd og forvörnum ehf. Hann er véltækniþræðingur frá Polhems Tekniska skola í Gautaborg frá árinu 1977. Hann var í stjórn og endurskoðunarnefnd frá 2011-2015, varamaður frá 2015-2019 og var aftur skipaður í stjórn árið 2019 af alþingi.

STARFSFÓLK

Kjarnastarfsemi NTÍ er skipuð fáum einstaklingum sem annast fjölbreytt verkefni innan stofnunarinnar. Þegar tjónsatburðir eiga sér stað er starfsemin miðuð að því að geta vaxið á skömmum tíma, bæði með tímabundnum ráðningum og þjónustu verktaka.



Hulda Ragnheiður Árnadóttir, MSc. í bankastjórnun, fjármálum og alþjóðaviðskiptum hefur verið forstjóri frá árinu 2010. Hún starfaði áður við innri endurskoðun og fjármálastjórn.



Hanna María Kristinsdóttir er gæða- og þjónustufulltrúi. Hún hóf störf hjá NTÍ sem sumarstarfsmaður árið 2020, en var ráðin í hlutastarf í byrjun árs 2022. Hún starfaði áður í ferðapjónustu.



Jón Örvur Bjarnason, Msc. í byggingaverkfræði og sviðsstjóri váttryggingasviðs. Hann hefur verið starfsmaður NTÍ síðan 2013, en starfaði áður fyrir verkfræðistofu m.a. sem matsmaður fyrir NTÍ allt frá árinu 2000.



Jónína Pálsdóttir, bókarari og þjónustufulltrúi. Hún hefur starfað hjá NTÍ frá árinu 2012. Hún starfaði áður við bókhald og skrifstofustörf.



Jóhann Árni Helgason, viðskipta- og kerfisfræðingur og sviðsstjóri þjónustusviðs. Hann hefur starfað hjá NTÍ frá upphafi árs 2022 en stýrði áður þjónustusviði í upplýsingatækniyrirtæki.



Vignir Jónsson, hagfræðingur, er sérfræðingur í fjárfestingum og tjónafulltrúi. Hann hefur starfað hjá NTÍ frá árinu 2021. Hann starfaði áður við greiningar á fjármálamörkuðum og eftirlit með eignastýrendum, m.a. fyrir NTÍ frá árinu 2002.

TJÓNSATBURÐIR Á ÁRINU 2022

Alls voru tilkynnt tjón vegna níu tjónsatburða á árinu 2022 til NTÍ. Til samanburðar urðu að meðaltali sjö tjónsatburðir á ári á tímabilinu 1987-2022. Af þessum níu tjónsatburðum voru átta atburðir sem leiddu til útborgunar tjónabóta en í einum þeirra var ekki um að ræða neinar greiddar tjónabætur. Þeir atburðir sem leiddu til greiðslu tjónabóta á árinu voru;

- Sjávarflóð á Austfjörðum 04.01.2022
- Sjávarflóð í Grindavík 06.01.2022
- Sjávarflóð á Akranesi 07.02.2022
- Sjávarflóð á Reykjanesi 07.02.2022
- Vatnsflóð í Sanddalsá 27.03.2022
- Jarðskjálfti við Grindavík 31.07.2022
- Sjávarflóð á Akureyri 25.09.2022
- Sjávarflóð á Seyðisfirði 25.09.2022
- Vatnsflóð úr Hvítá í Borgarfirði 19.12.2022

Mest varð tjónið í sjávarflóði á Akureyri í september, en þar hafa verið metnar tjónabætur að fjárhæð um 152,6 milljónir króna. Metið tjón vegna sjávarflóðs í Grindavík í janúar 2022 var um 25,7 milljónir króna og annars sjávarflóðs á Akranesi í byrjun febrúar um 35 milljónir króna. Samtals voru metnar tjónafjárhæðir vegna þessara níu atburða á árinu 243,7 milljónir króna, en að teknu tilliti til eigin áhættu voru greiddar tjónabætur að fjárhæð 218,5 milljónir króna.

Tilkynnt tjónamál voru samtals 139 og af þeim leiddu 68 til greiðslu tjónabóta, í 12 málum var um að ræða minniháttar tjón, þar sem bótafjárhæð var lægri en eigin áhætta og í 59 málum var ekki unnt að rekja skemmdir til þeirra náttúruhamfara sem stofnunin váttryggir gegn.

Myndir úr sjávarflóði í Grindavík 6. janúar 2022



MATSMANNADAGUR 2022

Þann 29. apríl 2022 hélt NTÍ svokallaðan matsmannadag fyrir matsmenn sem starfa í umboði NTÍ við tjónamat og lykilstarfsmenn af tjónasviðum váttryggingafélaganna. Markmiðið með viðburðinum var að miðla þekkingu um starfsemi NTÍ, fara yfir regluverkið sem gildir um starfsemina og fræða þátttakendur um verklag við tjónamat í tengslum við náttúruhamfarir.

Það er að mörgu að hyggja þegar farið er í tjónamat í kjölfar atburða sem í mörgum tilfellum hafa reynt mjög andlega á eigendur eignanna. Því skiptir miklu máli að þekkja vel til sálrænna áhrifa tjónsatburða og kunna að bera sig að í samskiptum við eigendur. NTÍ fékk Hauk Inga Jónasson, sálfræðing og lektor við HR til að fara yfir þá þætti sem mikilvægt er að hafa í huga í samskiptum við fólk í áfalli. Einnig héldu Magnús Tumi Guðmundsson og Ólafur Wallevik frábær erindi fyrir þátttakendur, annars vegar um eldgos og áhrif þeirra og hins vegar um steypu og steypuskemmdir.

Það er mikilvægt að blanda saman gleði og alvöru á degi sem þessum og í því skyni kom Edda Björgvinsdóttir undir lok dags og hressi viðstadda við með fyrirlestrinum sínum "Húmor og gleði í vinnunni, dauðans alvara."

Það var samdóma niðurstaða þeirra sem þarna komu saman að það væri mikilvægt að halda viðburð sem þennan u.þ.b. annað hvert ár til að tryggja samtal og miðlun þekkingar innbyrðis í þessum sérhæfða hóp.

Magnús Tumi Guðmundsson

Ólafur Wallevik



ÓVENJULEGT ENDURTRYGGINGAÁR

Það var ljóst snemma á árinu 2022 að árið yrði erfitt fyrir kaupendur á endurtryggingavernd. Um mitt ár var byrjað að ræða um líklegar hækkunar í tugum prósentu á milli ára og augljóst að undirbúningur þyrfti að vera enn markvissari fyrir þetta endurtryggingatímabil en nokkru sinni fyrr.

Ástæður þessara hækkana eru nokkrir þættir sem spila saman, s.s. stríð í Úkraínu sem hefur haft áhrif á fjármálamarkaði um allan heim og dregið úr fjármagni í umferð, verðbólga, afleitur árangur á fjármálamörkuðum og mjög kostnaðarsamir endurtryggingaáætburðir, bæði af völdum náttúruhamfara og af öðrum orsökum. Almennt séð hefur rekstrarniðurstaða endurtryggingafélaga síðustu árin verið óvenjulega slök en þeim hefur gengið erfiðlega að ná fram verulegum hækkunum á markaði. Áður hafa einstakir endurtryggjendur iðulega reynt að ýta upp verðum á endurtryggingum með hærri tilboðum í verndina, en frá árinu 2008 er hægt að fullyrða að ekki hafi verið svo samhljóma tónn í endurtryggjendum um verulegar hækkunar á milli ára.

Það eru nokkrir mælikvarðar sem varpa ágætu ljósi á þá breytingu sem varð á samningagerð fyrir árin 2022 og 2023. Talað er um breytileika í tilboðum endurtryggjenda (e. quotation spread). Eftir því sem breytileikinn er meiri, má frekar búast við að hægt sé að finna leið inn á markaðinn með öflugan aðila á samningi sem leggur línurnar í verðlagningu samnings. Hann er þá gjarnan með 15-25% hlutdeild í samningnum en margir aðrir endurtryggjendur skipta með sér restinni af honum, þar sem hver og einn hefur þá oftast litla hlutdeild, kannski frá 1% upp í 10% hlutdeild. Í samningagerð fyrir árið 2022 var breytileikinn í tilboðum 64%, samanborið við 40% árið 2023. Samningagerðin var líka mun seinna á ferðinni fyrir árið 2023 en verið hefur undanfarin ár, en það setti marga í mjög erfiða aðstöðu þegar tilboðin fóru að streyma inn, því þá var svigrúm til að hafna tilboðum mun minna en ella.

Jón Örvar Bjarnason kynnir forsendur samningsins fyrir New Re haustið 2022

Svipmynd af endurtryggingaráðstefnu í Kaupmannahöfn í október 2022




Dæmi voru um að aðilar sem leitt höfðu endurtryggingasamninga váttryggingafélaga svo árum skipti með tiltekið hlutfall á samningnum, sögðust aðeins geta lofað helmingi af því sem þeir höfðu haft fram til þessa og verðin þyrftu að hækka um 50%.

Það voru því margir óvenjulegir samningar þetta árið, sumir tímabundnir til þriggja mánaða og aðrir með ýmsum endurskoðunarákvæðum sem taka mið af breyttum vöxtum, verðbólgu eða tjónahlutfalli.

Náttúruhamfaratrygging Íslands fór ekki varhluta af þessu ástandi á mörkuðum og þurfti að leggja mikla vinnu í að ná þeim samningum sem gerðir voru fyrir 2023.

Sirius Re hefur frá árinu 2015 til 2021 leitt endurtryggingasamning NTÍ með 20 til 25% hlutdeild. Fyrir nokkrum árum sameinaðist það fyrirtækinu Third Point og varð þá Sirius Point. Félagið er skráð á markað og að stórum hluta í eigu kínveskra aðila. Rekstur félagsins hefur verið erfiður, auk þess sem miklar áherslubreytingar hafa verið í áhættutöku og þjónustu þess. Árið 2022 var hlutdeild þeirra lækkuð í 15% vegna þeirrar óvissu sem komin var upp í rekstri fyrirtækisins. Staða Sirius Point hafði versnað enn þegar kom að samningagerðinni fyrir árið 2023 og var niðurstaðan sú að fá NewRe sem hefur höfuðstöðvar í Swiss til að leiða samninginn. Fyrirtækið hefur verið með stóran hlut á samningnum allt frá árinu 2006, en síðustu árin hefur þeirra hlutdeild verið á bilinu 10-13,5%. Þeir voru með hagstæðasta tilboð til NTÍ í samningagerðinni, eða um 31% hækkun frá fyrra ári og eru nú með 20% hlutdeild í samningnum. Tuttugu önnur fyrirtæki eru á samningnum með 1-10% hlutdeild hvert.



ÚTBOÐ Á NÝRRI TJÓNASKRÁ

Eitt af því sem öll nútíma fyrirtæki og stofnanir verða að vera virkir þátttakendur í er stafræn þróun upplýsingakerfa. Umhverfið kallar á aukinn hraða og stytta vinnutíma og því mikilvægt að gera allt sem unnt er að gera til að tryggja farsæla virkni og þróun upplýsingakerfa og samfellu í starfinu. Öryggismál eru rauði þráðurinn í þróun allra upplýsingakerfa til að unnt sé að draga úr líkum á ýmis konar sviksemi, persónuvernd og truflun á rekstri.

Það er mikil vinna að skipta út lykilverki í starfsemi fyrirtækis og ef vel á að takast til þarf að vanda til verka frá upphafi til enda. Þarfagreining, gerð útboðsgagna, val á samstarfsaðila, uppsetning og aðlögun kerfisins og innleiðing eru allt mikilvægir liðir í farsælli starfsemi fyrirtækja og stofnana.

Náttúruhamfaratrygging Íslands hófst handa í lok árs 2021 að undirbúa þarfagreiningu fyrir innleiðingu á nýrri tjónaskrá, sem halda mun utan um öll tjónamál frá A-Ö. Fenginn var sérhæfður ráðgjafi til aðstoðar við þarfagreininguna, Lárus Hjartarson hjá Peritus. Hann vann með stjórnendum og starfsfólki NTÍ að því að greina og skrásetja alla ferla sem koma við sögu í afgreiðslu mála. Áhersla var lögð á að auka sjálfvirkni og samþættingu þeirra lausna sem NTÍ mun innleiða og þeirra lausna sem Island.is hefur verið að þróa og innleiða sem hluta af Stafrænu Íslandi.

Gerð útboðsgagna tók talsverðan tíma og var unnin í samvinnu við Peritus og Ríkiskaup, en sú vinna sem lögð var í þau hefur svo sannarlega sýnt fram á hversu mikils virði það er að byggja á góðum grunni þegar innleiðing á upplýsingakerfum er annars vegar. Samningar voru gerðir við Advania skömmu fyrir síðustu áramót og hefur vinna við innleiðinguna gengið afar vel, m.a. vegna þess hversu skýr útboðslýsingin var.

Í tengslum við þessa innleiðingu hefur verið lögð áhersla á að koma á stafrænum tengingum við öll helstu fyrirtæki og opinbera aðila sem Náttúruhamfaratrygging Íslands á í samstarfi við, svo sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Fjársýslu ríkisins, váttryggingafélögin, DK, Spektra og Arion banka.

Frá fyrsta vinnufundi NTÍ og Advania með Island.is



Samræmingarfundur með helstu samstarfsaðilum á sviði upplýsingatækni



HELSTU UPPLÝSINGAR ÚR REKSTRINUM

Eftir samfelldan hagnað allt frá árinu 2008 er rekstrarniðurstaða ársins neikvæð um 0,9 milljarða árið 2022, samanborið við 4,8 milljarða hagnað árið 2021. Tap vegna eignasafns er neikvætt um 3,6 milljarða króna, tjónakostnaður ríflega 200 milljónir og rekstrarkostnaður um 550 milljónir og gjöld vegna endurtrygginga tæpar 600 milljónir króna en iðgjaldatekjur námu ríflega 4 milljörðum króna. Til samanburðar voru fjárfestingatekjur 2,5 milljarðar árið 2021 og 4,6 milljarðar árið 2020.

Iðgjaldatekjur aukast um rúmlega 9% á milli ára sem er í ágætu samræmi við áætlanir. Á sama tíma dregst rekstrarkostnaður saman um rúmlega 3%. Stærsti tjónsatburðurinn á árinu var sjávarflóð sem varð á Akureyri 25. september 2022, en heildartjón í þeim atburði var tæplega 153 milljónir. Aðrir atburðir voru mun minni, eða á bilinu 700 þúsund til 35 milljónir.



LYKILTÖLUR ÚR ÁRSREIKNINGI 2022

ALLAR FJÁRHÆÐIR ERU Í
ÞÚSUNDUM KRÓNA

REKSTRARREIKNINGUR

| | | 2022 | 2021 |
|--|----------|-------------------|------------------|
| Iðgjöld ársins | | 4.052.342 | 3.706.021 |
| Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum | | -556.425 | -503.550 |
| Eigin iðgjöld | 4 | 3.495.917 | 3.202.471 |
| Fjármunatekjur | 5 | -4.635.174 | 3.253.598 |
| Fjármagnstekjuskattur | 17 | 1.019.738 | -715.792 |
| Fjárfestingatekjur | | -3.615.436 | 2.537.806 |
| Umsýslutekjur Bjargráðasjóðs | | 16.664 | 0 |
| Aðrar tekjur | | 16.665 | 0 |
| Heildartekjur (neikvæðar) | | -102.855 | 5.740.277 |
| Tjónakostnaður | | -224.006 | -372.666 |
| Hluti endurtryggjenda í tjónakostnaði | | 9.595 | 0 |
| Eigin tjón | 6 | -214.411 | -372.666 |
| Rekstrarkostnaður | 7-9 | -544.448 | -562.687 |
| Umboðslaun | | -27.905 | -30.441 |
| Fjármagnsgjöld | | -3.025 | -5.971 |
| Önnur gjöld | | -575.378 | -599.099 |
| Heildargjöld | | -789.789 | -971.765 |
| Rekstrarniðurstaða ársins | | -892.644 | 4.768.512 |

EFNAHAGSREIKNINGUR 31.12.2022

| | Skýr. | 2022 | 2021 |
|---------------------------------------|-------|-------------------|-------------------|
| EIGNIR | | | |
| Rekstrarfjármunir | 10* | 6.135 | 7.669 |
| Leigueign | 11* | 48.668 | 50.530 |
| Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur | 13* | 52.340.614 | 56.159.984 |
| Endurtryggingaeignir | 14* | 0 | 12.000 |
| Viðskiptakröfur | | 1.234.537 | 998.741 |
| Aðrar kröfur | | 5.628 | 3.937 |
| Handbært fé | | 2.262.510 | 1.017.746 |
| | | 55.898.092 | 58.250.607 |
| EIGIÐ FÉ | | | |
| Varasjóður | | 4.270.135 | 4.270.135 |
| Óráðstafað eigið fé | | 49.643.154 | 50.535.798 |
| | 15* | 53.913.289 | 54.805.933 |
| SKULDIR | | | |
| Vátryggingaskuld | 16* | 1.458.953 | 1.228.769 |
| Skattskuldbinding | 17* | 394.484 | 2.088.765 |
| Leiguskuld | 11* | 53.312 | 54.330 |
| Viðskiptaskuldir við tryggingafélög | | 29.215 | 21.006 |
| Áfallinn kostnaður | | 48.839 | 51.804 |
| | | 1.984.803 | 3.444.674 |
| | | 55.898.092 | 58.250.607 |

*Stjórnumerkta skýringar má finna í ársreikningi á heimasíðu NTÍ, www.nti.is, aðrar skýringar eru á bls. 10-11

HELSTU SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI 2022

| Skýring 4 | 2022 | 2021 |
|--|-------------------|------------------|
| Eigin iðgjöld | | |
| Bókfærð iðgjöld | 4.249.526 | 3.781.835 |
| Hluti endurtryggjenda | -556.425 | -503.550 |
| Breyting á iðgjaldaskuld | -197.184 | -75.814 |
| Eigin iðgjöld samtals | 3.495.917 | 3.202.471 |
| | | |
| Skýring 5 | | |
| Fjármunatekjur | | |
| Gangvirðisbreyting verðbréfa | -4.694.196 | 3.249.189 |
| Vaxtatekjur af handbæru fé | 57.169 | 4.085 |
| Aðrar vaxtatekjur | 234 | 324 |
| Gengismunur gjaldmiðla | 1.619 | 0 |
| Fjármunatekjur samtals | -4.635.174 | 3.253.598 |
| | | |
| Skýring 6 | | |
| Eigin tjón | | |
| Bókfærð tjón | 191.006 | 1.434.666 |
| Hluti endurtryggjenda | -9.595 | 0 |
| Breyting á tjónaskuld | 33.000 | -1.062.000 |
| Eigin tjón samtals | 214.411 | 372.666 |
| | | |
| Skýring 7 | | |
| Rekstrarkostnaður | | |
| Laun og launatengd gjöld | 137.611 | 110.968 |
| Aðkeypt sérfræðiþjónusta | 38.123 | 44.472 |
| Innheimtubókun váttryggingafélaga | 177.549 | 155.942 |
| Umsýsluþóknun fjársýsluaðila | 116.448 | 111.144 |
| Styrkveitingar | 7.363 | 66.684 |
| Rannsóknarkostn.vegna náttúruvár | 5.423 | 1.016 |
| Húsnæðiskostnaður | 3.342 | 3.758 |
| Breyting á niðurfærslu krafna | -392 | 792 |
| Tapaðar kröfur | 362 | 1.134 |
| Afskriftir rekstrarfjárm. og leigueignar | 8.267 | 7.734 |
| Annar rekstrarkostnaður | 50.352 | 59.043 |
| Rekstrarkostnaður samtals | 544.448 | 562.687 |



| Skýring 8 | 2022 | 2021 |
|---|----------------|----------------|
| Laun og launatengd gjöld | | |
| Laun | 110.109 | 88.661 |
| Lífeyrisiðgjöld | 16.674 | 14.027 |
| Tryggingaiðgjald | 8.235 | 6.442 |
| Önnur launatengd gjöld | 2.593 | 1.838 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 137.611 | 110.968 |
| Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf | 7,0 | 6,5 |

| Skýring 9 | | |
|---------------------------------------|--------------|--------------|
| Þóknun til endurskoðanda | | |
| Endurskoðun ársreiknings | 2.390 | 2.218 |
| Innri endurskoðun | 2.038 | 2.906 |
| Endurskoðunarkostnaður samtals | 4.428 | 5.124 |

| Skýring 17 | | |
|--|----------------|------------------|
| Skuldbinding vegna fjármagnstekjuskatts | | |
| Skuldbinding í ársbyrjun | 2.088.765 | 2.132.566 |
| Fjármagnstekjuskattur ársins | -1.019.738 | 715.792 |
| Greiddur fjármagnstekjuskattur | -674.543 | -759.593 |
| Skuldbinding í árslok | 394.484 | 2.088.765 |

